

## Fundargerð 379

Miðvikudaginn 26. janúar 2011 kl. 13:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Grand Hótel í Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Herdís Á. Sæmundardóttir og Sturla Böðvarsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, Pétur Grétarsson, Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Vaxtaákvörðun – frestað mál frá síðasta fundi.
3. Starfs- og rekstraráætlun 2011
4. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stuðning við atvinnu- og byggðaþróun.
5. Skýrsla starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar – til kynningar.
6. Beina brautin – kynning.
7. Fundargerð lánanefndar.
8. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 13:15 og gekk til dagskrár.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar nr. 378 (f.skjal 1) upp til samþykktar.

Umræður urðu um opinbera birtingu fundargerða, en gert er ráð fyrir að fundargerð þessa fyrsta fundar ársins 2011 verði birt á heimasíðu stofnunarinnar þegar hún hefur verið staðfest.

Fundargerð samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Vaxtaákvörðun - frestað mál frá síðasta fundi

MH og AP gerðu grein fyrir minnisblaði (f. skjal 2) vegna vaxtabreytingar. Vegna lækkunar á framlagi á Fjárlögum 2011, frumvarps um hækkun ríkisábyrgðargjalds, hækkun á eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins auk þess sem vaxtamunur stofnunarinnar hefur minnkað er lögð fram eftirfarandi tillaga:

*Frá 1. febrúar 2011 hækkar vaxtaálag á erlendum lánum úr 3,0% í 4,5% og vextir á verðtryggðum lánum sem í dag eru 7,0% lækka í 6,9%.*

Stjórn felur forstjóra að gera iðnaðarráðherra grein fyrir vaxtabreytingu stofnunarinnar.

Tillaga samþykkt með samhljóða, SB og DH sátu hjá.

### 3. Starfs- og rekstraráætlun 2011

AP, MH og SBS gerðu grein fyrir Rekstrar- og starfsáætlun fyrir árið 2011 (f. skjal 3).

Stjórn leggur áherslu á að í áætluninni komi skýrt fram í hvaða stöðu stofnunin er. Stjórn felur forstjóra að láta koma skýrt fram í starfs og rekstraráætluninni að hún líti svo á að í henni eigi að koma fram að stofnunin sjái mikla þörf fyrir atvinnuuppbyggingu og uppbyggingu gjaldeyrisskapandi fyrirtækja. Í áætluninni felist áminning um stöðuna í samfélaginu og stöðu Byggðastofnunar í samanburði við aðrar lánastofnanir.

Formaður bar Rekstrar- og stafsáætlun 2011 upp til samþykktar með þeim fyrirvörum sem að ofan eru taldir.

Samþykkt samhljóða.

Ákveðið var að breyta út frá dagskrá og taka 6. dagskrárlið (Beina brautin – kynning) fyrir næst og síðan dagskrárliði 4 (Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stuðning við atvinnu- og byggðaðróun) og 5 (Skýrsla starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar – til kynningar) saman.

#### 4. Beina brautin – kynning

HÁ fór í gegnum minnisblað (f. skjal 6) kynningu á „Beinu brautinni“, kynningarefni verður sent stjórn til fróðleiks.

HÁ lagði fram eftirfarandi breytingu við lið 2.1 undir kafla 2 um lánareglur, styrkveitingar og hlutafjárkaup í Verklagsreglum Byggðastofnunar:

*„Ef viðskiptavinur stofnunarinnar telst falla undir skilyrði samkomulags um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá 15. desember 2010, skal heimilt að breyta hluta af lánnum viðkomandi í biðlán ef skilyrði eru að öðru leiti uppfyllt til þess. Biðlán samkvæmt þessari grein skal vera til þriggja ára, afborgunarlaust á þeim tíma en með einum gjalddaga við lok lánstíma. Biðlán skal vera óverðtryggt og bera 2% ársvexti.“*

Jafnframt bætist eftirfarandi málsgrein inn í kafla 4 um reglur um skuld- og skilmálabreytingar, undir lið 4.3:

*„Lánanefnd Byggðastofnunar skal meta hvort viðskiptavinur fellur undir viðmið samkomulags um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá 15. desember 2010. Telji lánanefnd viðskiptavin uppfylla skilyrði samkomulagsins er lánanefnd heimilt að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu viðskiptavinar samkvæmt ákvæðum þess, þ.m.t. veitingu biðlána og uppgjör þeirra.“*

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stuðning við atvinnu- og byggðaðróun & 6. Skýrsla starfshóps um lánastarfsemi Byggðastofnunar – til kynningar

AÐ fór í gegnum efni skýrslanna sem dreift var til stjórnarmanna (f.skjöl 4 og 5).

Iðnaðarráðherra hefur kallað eftir tillögum þingflokka um fulltrúa í nefnd til að fjalla um framtíð lánastarfsemi stofnunarinnar.

Ýmsar athugasemdir og ábendingar komu fram um efni skýrslanna.

Formanni falið að ganga á fund iðnaðarráðherra og gera honum grein fyrir umræðunni á fundinum.

## 7. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 1/11, 11. janúar 2011 (f. skjal 7).*

AP kynnti fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

## 8. Önnur mál

BJ upplýsti að hann hefði rætt við innanríkisráðherra varðandi málefni stofnunarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:24.

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____